



HGK2B05 – Hreyfigrafík fyrir kvikmyndir II

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Kristín María Ingimarsdóttir

Netfang/netföng:

kristin.ingimarsdottir@borgo.is

Lýsing:

Nemendur gera verkefni til að þjálfra hæfni sína og skilning í formfræði, litafræði, myndbyggingu og leturfræði og yfirfæra þá þekkingu í hreyfigrafík þar sem bæði er unnið með mynd og hljóð. Farið er í grunntækni í notkun á stafrænum myndforritum. Í formfræði kanna nemendur lögmál myndbyggingar og hugtök á borð við frumform, jafnvægi, spennu, endurtekningu, hlutbundin og óhlutbundin form, mynstur og merkingu. Í litafræði rannsaka nemendur efnis- og ljósblöndun lita, mun á RGB og CMYK, skilgreina heita liti og kalda, andstæðuliti, sálræn áhrif lita, merkingu þeirra og hvernig litafræðin er marvisst notuð í hreyfi- og kvikmyndagerð. Lögð er áhersla á að nemendur kanni áhrif lita, forma og myndbyggingar í myndlist, hönnun og kvikmyndum og hvernig þeir geta nýtt sér þekkingu sína og þjálfun til að vinna kynningarefni og grafískt efni fyrir bæði prent- og skjámiðla.

Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið:**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hlutbundnum formum og óhlutbundnum
- lögmálum myndbyggingar
- hugtökum eins og jafnvægi, spennu, endurtekningu og rytma í myndbyggingu og formfræði
- mun á ljósblöndun og efnisblöndun (RGB og CMYK)
- litablöndun í tengslum við kvikmyndir og grafíska framsetningu
- sálrænum áhrifum lita
- grunnatriði í leturfræði og leturnotkun
- algengustu myndvinnsluforritum sem notuð eru í hönnun og hreyfigrafík (Ai, Psd og Ae)

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta myndbyggingu á tvívíðum fleti á markvissan hátt
- raða saman formum m.t.t. myndbyggingar og sálrænna áhrifa af samspili þeirra í myndfletinum
- velja og blanda liti á markvissan máta
- vinna með form, liti og texta á tvívíðan flöt fyrir prentun sem og á tímalínu fyrir skjámiðla
- nota helstu myndvinnsluforrit til að vinna hreyfimyndir og grafík fyrir kvikmyndir

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna markvisst með liti og form við gerð eigin verka
- miðla sértækri merkingu með þekkingu sinni í lita- og formfræði
- greina sjónræna merkingu með tilliti til lita- og formfræði í hönnun, hreyfimynda- og kvikmyndagerðar
- Tjá sig um litanotkun, myndbyggingu og formfræði í eigin verkum og annarra

Námsmat:

Leiðsagnarmat, frammistöðumat og verkefnamat

Aðrar mikilvægar upplýsingar:**Kennslufyrirkomulag - kennsluaðferðir:**

Verkefnaðið nám sem byggir á fjölbreyttum kennsluaðferðum, verkefnum, umræðum og framsetningu á verkum.

Kennari: Kennari er með innlagnir og kynnir grunnatriði sem liggja á bak við lita- formfræði og hreyfimyndagerð. Áhersla lögð á umræður og virkni í tíma. Kennari leiðbeinir og aðstoðar nemendur í ferlinu og ýtir undir tilraunir. Í lok hvers verkefnis fara bæði kennari og nemendur yfir verkefni. Kennsluaðferðir sem hentar í þessu verkefni er í senn verkleg kennsla og lögð er áhersla á sjálfstæði og sköpun.

Nemendur: Nemendur þurfa að skilja og tileinka sér grunnhugmyndir í lita- og formfræði, týpógrafíu og kvikun. Nemendur nota stafræna miðla og nýta sér helstu myndvinnsluforrit og vinna út frá umhverfi sínu á markvissan hátt. Gerðar eru tilraunir og hugað að formum, línun, forgrunni/bakgrunni, litum, áferðum, litanotkun og heildarmyndbyggingu í hönnun og á tímalínu. Unnið með framsetning efnis/hugmynda á óhlutbundinn hátt (abstrakt) og áhersla á myndræna framsetningu texta.

Áhersla er bæði á hópavinnu og einstaklingsvinnu. Lögð er áhersla á skapandi vinnubrögð og eru nemendur hvattir til að vera óhræddir við að gera tilraunir.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:**Mat á verkefnum:**
Verkefni

Almenn virkni, sýnileiki og skipulag verkferla

Kynning við skil verkefnis, þátttaka í umræðum um eigið verk og annarra

Lokaútfærsla / frumleiki, skapandi vinnubrögð og frágangur verka

Ástundun í tímum / framfarir

SAMTALS

90%	Skiptist í
	10%
	10%
	80%
10%	
100%	

Námsgögn:

Tölvur, iPadar, blöð, blýantar og annað efni úr umhverfinu.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
------	-------	------------	---------------------

1	5.-6. janúar	01 Línur og punktar - skyggingar / blýantar / blöð	Verkefni 01
2	9.-13. janúar	Línur og punktar – skyggingar / klára verkefni A,B,C,D	Verkefni 01 Skil 16. jan
3	16.-20. janúar	02-03 Línur og frumform / Ferningur, hringur, þríhyrningur / Ai	Verkefni 02
4	23.-27. janúar	Frumform / verkefnavika / Ai	Verkefni 02 Verkefni 03
5	30. jan-3. febrúar	Frumform og línur / verkefnavika /Ai	Verkefni 03
6	6.-10. febrúar	Frumform og línur / verkefni og yfirferð / Ai	Skil / yfirferð á verkefni 2-3 7. febrúar Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	04 Myndbygging, litahringur og litablöndun. Farið yfir helstu stefnur í listum, hönnun og kvikmyndum varðandi lita- og formfræðina / sýnishorn. Uppbygging forma og lita í myndforritum. Litablöndun, CMYK og RGB / Ai https://vimeo.com/114900089	Verkefni 04 Vörðuvika
8	21.-25. febrúar	Myndbygging, litahringur og litablöndun í tölvu. Heit / köld, ljós / dökk litablöndun. Unnið út frá jafnvægi, spennu, endurtekningu og rytma. Lita og formfræðikenningar Wassily Kandinskys, Johannesar Itten og fleiri skoðaðar / Ai https://www.youtube.com/watch?v=NHusTBSQyPQ https://www.youtube.com/watch?v=ZUFBI6iJGNo	Vorannarhlé 24. -27. feb Verkefni 04
9	28. febrúar-3. mars	Myndbygging, litahringur og litablöndun.	Verkefni 04
10	6.-10. mars	Litahringur og verkefni unnin út frá mismunandi litasamsetningum. Sýnishorn og verkefni / Ai	Verkefni 04
11	13.-17. mars	Verkstæði / verkefni / yfirferð og skil	Skil / yfirferð Verkefni 04 16. mars
12	20.-24. mars	05 After Effects - Verkefni 04 yfirfært í AE og gerð 30-45 sek. hreyfimynd með frumsömdu hljóði / Verkstæði / Ai og Ae	Verkefni 05 Varða 2
13	27.-31. mars	Hreyfimynd í After Effect með fumsömdu hljóði frh. / Verkstæði	Verkefni 05 Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Hreyfimynd í AE – klára samsetningu / yfirferð	Skil / yfirferð Verkefni 05 13. apríl
16	17.-21. apríl	06 / Típógráfía - Helstu leturtegundir, rannsókn á einkennum og eiginleikum. Típógráfía í kvikmyndum / Ai https://vimeo.com/65353988 https://vimeo.com/532024091 https://vimeo.com/60964497?embedded=true&source=vimeo_logo&owner=16787139	Sumardagurinn fyrsti 20. apr.
17	24.-28. apríl	Verkstæði / verkefni / verkefni 06 / Ai	Vörðuvika II Verkefni 06
18	1.-5. maí	Verkstæði / verkefni / verkefni 06 / Ai	Dagur verkalyðsins Verkefni 06
19	8.-12. maí	Verkstæði og yfirferð á verkefni 06 / Ai	Skil / yfirferð Verkefni 06 9. maí
20	15.-16. maí	Frágangur og skil	Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

VERKEFNI		TÍMABIL / SKILADAGUR
Formfræði / myndbygging / hreyfihönnun <ul style="list-style-type: none"> • Lína / áferðir / teikning - unnið Ai og AE • Frumformin (Ferningur, hringur, þríhyrningur) • Samsett form • Endurtekning • Frávik 	30%	5. janúar – 11. febrúar Skil, yfirferð: 7. febrúar
Litafræði og animation <ul style="list-style-type: none"> • Áhrif lita og forma • Litahringur / í tölvu • Heit / kalt litablöndun í tölvu • Andstæðir litir • Ljóst / dökkt. • Mismunandi litasamsetningar • Myndbygging • Litanotkun í hönnun og kvikmyndum • Línur, litir, form og hljóð / sjálfstæð verkefni í After Effects með frumsömdu hljóði 	55%	13. febrúar – 18. apríl Skil, yfirferð: 13. apríl
Leturfræði og týpografía / verkefni	15%	17. mars – 12. maí Lokaskil, yfirferð: 9. maí